

70. gr.

Ársreikningur bæjarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Bæjarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs, stofnana bæjarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Bæjarfulltrúar og bæjarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Sveitarfélagsins Ölfuss hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Ölfushrepps nr. 317/1994.

Félagsmálaráðuneytinu, 6. maí 1999.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

7. maí 1999

Nr. 335

REGLUGERÐ

um reiknilíkan til að reikna út kennslukostnað framhaldsskóla.

1. gr.

Hlutverk reiknilíkansins er að tryggja jafnræði skóla til fjárveitinga í samræmi við stærð, gerð, staðsetningu og samsetningu náms. Líkanið skal tryggja eftir því sem frekast er unnt faglegt starf skólanna um leið og það stuðlar að aðhaldi í meðferð fjármuna vegna kennslu, rekstrar og stofnkostnaðar. Í gerð líkansins skulu felast möguleikar til þess að auka eða draga úr stuðningi við tiltekin markmið skólustarfs með samræmdum hætti um leið og unnt verði með hliðstæðum hætti að taka tillit til sérstakra aðstæðna.

2. gr.

Reiknilíkanið tekur til fjárveitinga til kennslu, kennslutengdra starfa, annarra starfa í skólum og rekstrarþátta sem skólar geta óhindrað fært á milli fjárlagaliða.

3. gr.

Reiknilíkanið skal vera í formi tölvuforrits, aðgengilegt öllum skólum og opið þeim sem vilja kynna sér hvernig það vinnur.

4. gr.

Forsendur reiknilíkansins eru hinar sömu fyrir alla skóla en greinast í tvennt; annars vegar þær sem hafa sama tölugildi fyrir alla skóla en hins vegar sérstakar forsendur fyrir hvern skóla.

5. gr.

Almennar forsendur líkansins skulu taka til eftirfarandi:

Kennslustundafjöldi pr. nemenda á viku; almennrar bekkja- og hópstærða; almennrar nýtingarkröfu eða meðalfjöldi nemenda í bekk eða hópum; launatengdra gjalda; hlutfalls- tengingar kennslutengdra starfa við kennslukostnað; hlutfallslegrar skiptingar útreiknaðs kennslustundafjöldi milli dagvinnu og eftirvinnu.

6. gr.

Sérstakar forsendur hvers skóla skulu vera:

Skráðir nemendur næstliðins almanaksárs eftir önnum (höfðatala); áætlaður nemenda- fjöldi næsta fjárlagaárs, meðaltal beggja anna; nemendur kvöldskóla (öldungadeilda), meðaltal beggja anna næsta fjárlagaárs, hlutfall kennslustunda nemenda í fornámi eða hægferðum af heildarnemendastundum skólans; fermetrar húsnæðis skólans eftir bóknáms- og stjórnunarhluta, verknámshluta, heimavist og mótuneyti; leigugjöld vegna kennsluhús- næðis, verð á rúmmetra heits vatns, verð á kílóvattstund raforku; fjarlægð frá Reykjavík, meðalárslaun kennara; árslaun og yfirvinnu skólameistara/rektors.

7. gr.

Um skil skóla á upplýsingum um kennslu, skráða nemendur og prófaða eftir áföngum/bekkjum, fjöldi hópa/bekkjanna og annað er viðkemur árangri skólastarfsins skal nánar kveðið á í skólasamningi.

8. gr.

Reiknilíkanið skal endurskoða í heild eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti. Þess á milli má fella niður einstakar almennar og sértækar forsendur eða auka við eftir umfjöllun á samstarfsnefndarfundum framhaldsskólastigsins. Einstökum tölulegum viðmiðum líkansins getur ráðherra breytt í fjárlagaundirbúningi hverju sinni.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 39. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 7. maí 1999.

Björn Bjarnason.

Þórunn J. Hafstein.

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir sumarbústaðabyggð og skógrækt á jörðinni Laugabökkum, Ölfusi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Ölfushrepps þann 25. febrúar 1999 samþykkt deiliskipulag fyrir sumarbústaðabyggð og skógrækt á jörðinni Laugabökkum, Ölfusi. Teikningar eru frá febrúar 1999.

Fram kemur að svæðið er skipulagt fyrir 13 sumarbústaðalóðir og þrjár lóðir fyrir gistihús er tilheyra eiganda Laugabakka. Gert er ráð fyrir útivistarsvæði og skógrækt norðan og sunnan við sumarhúsabyggðina. Skipulagða svæðið liggur að norður landamörkum